

þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.100.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hagtrygging h/f og Þorgeir Gunnlaugsson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Kristni Höskuldssyni, kr. 8.109.90 með 46% ársvöxtum frá 19. desember 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1983.

Nr. 140/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Sigrúnu Jónu Eyjólfsdóttur**

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fikniefnamálum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 1. mars 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. ágúst 1983. Af hálfu ákærvalds er gerð krafa um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en refsingu ákærðu, sem þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 75 daga. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldstími ákærðu, 13 dagar.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærða, Sigrún Jóna Eyjólfsdóttir, sæti fangelsi í 75 daga, og komi gæsluvarðhaldsvist hennar í 13 daga til frádráttar refsingunni. Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 13. janúar 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 13. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fikniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni fulltrúa við undirritaða votta og kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 929/1982: Ákærvaldið gegn Sigrúnu Jónu Eyjólfsdóttur.

Málið, sem dómtekið var 5. janúar sl., er höfðað með ákæru, dags. 12. nóvember 1982, á hendur Sigrúnu Jónu Eyjólfsdóttur, Lokersvej 4, Vordingborg, Danmörku, fæddri 3. september 1955 í Reykjavík, fyrir, eins og í ákæru segir: „að hafa flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 980 gr af hassi, sem ákærða hugðist selja hér á landi í ágóðaskyni, en við komu til Keflavíkurflugvallar fann tollgæslan hassið í fórum ákærðu og lagði hald á það.“

Í nefndu ákæruskjali segir, að þessi meinta háttsemi teljist varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fikniefna nr. 390/1974.

Þá segir í niðurlagi ákæruskjals, að þess sé krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku

á framangreindu hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. reglugerðarinnar.

Ákærða, sem er á sakhæfisdri, nánar, svo sem áður greinir, fædd 3. september 1955, hefur ekki sætt refsingu, svo kunnugt sé.

### MÁLSATVIK.

Hinn 3. september sl. kom Sigrún Jóna Eyjólfsdóttir, ákærða í máli þessu, með vél Flugleiða hingað til lands frá Kaupmannahöfn. Við tollskoðun á Keflavíkurflugvelli fundust í fórum hennar 980 grömm af hassi, sem lagt var hald á.

Í lögregluskýrslum um atburð þennan kemur fram, að ákærða vakti athygli tollvarða á sér fyrir það að hafa verið áberandi taugaóstyrk. Leituðu tollverðir í farangri hennar og fundu umrætt hass í hliðartösku, sem ákærða bar yfir öxl sér.

Við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild lögreglustjóraembættisins gaf ákærða þá skýringu á greindu hassefni, sem hún staðfesti svo hér fyrir dómi, að hún hafi keypt það af óþekktum aðilja í Kaupmannahöfn þann 28. ágúst sl. fyrir danskar kr. 30.000.00 í þeim tilgangi að flytja það hingað til lands og selja það hér í veitingahúsum. Ágóðann kvaðst ákærða ætla að nota til þess að fjármagna verslunarrekstur, sem hún hugðist hefja hér á landi.

Rannsókn þessa máls beindist aðallega í þá átt að leiða í ljós, með hvaða hætti ákærða fjármagnaði kaup á þessum 980 grömmum af hassefnum, og sætti hún 13 daga gæsluvarðhaldi, meðan á þeirri rannsókn stóð.

Ákærða kvað fjárhag hennar og dansks sambýlismanns hennar vera bágborinn, en þau hafa að hennar sögn sameiginlegan fjárhag. Ákærða kvað þau skulda verulegar fjárhæðir og að hún hafi verið atvinnulaus sl. þrjá mánuði.

Ákærða kvaðst hafa staðið ein að þessum efniskaupum og hafa fjármagnað þau aðallega með tryggingarfé að upphæð um danskar kr. 25.000.00, er hún fékk greitt hjá Baltica Skandinavía tryggingarfélaginu í júní eða júlí 1981 vegna innbrotis, er framið var í íbúð hennar í febrúar eða mars 1981.

Nefnt tryggingarfélag var beðið um upplýsingar um það, hvort ákærða hafi fengið greiddar umræddar tjónbætur, en það fékkst ekki staðfest.

Framhaldsrannsókn fór fram hér fyrir dómi á grundvelli nýrra upplýsinga, og kom þá í ljós, að ákærða hafði fengið bætur frá nefndu tryggingarfélagi fyrir innbrot í íbúð hennar í Kaupmannahöfn í júlí 1981 að upphæð danskar kr. 33.550.00.

### NIDURSTADA.

Fullsannað þykir með framburði ákærðu, sem studdur er gögnum málsins, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi, sem greind er í ákæruskjali,

nánar að hafa flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 980 grömm af hassi, sem ákærða hugðist selja hér á landi í ágóðaskyni.

Ekki hefur annað komið fram í máli þessu en að ákærða hafi að öllu leyti ein staðið að umræddum hasskaupum.

Sýni af hassefni því, sem gert var upptækt í máli þessu, var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Með bréfi, dags. 30. desember 1982, fékkst staðfest, að sýnið væri kannabis og magn tetrahydrókannabinólís í sýninu væri 29 mg/g.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fikniefna.

Ákærða hefur samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar, og þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði og 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, er aflánist með 50 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Brot ákærðu er unnið í hagnaðarskyni, og þykir því rétt að beita fésekt til viðbótar fangelsisvist, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 75/1982.

Pá þykir rétt með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að til frádráttar refsingu komi sá tími, er ákærða sætti gæsluvarðhaldi, eða 13 dagar.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 4.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Upptækt til eyðingar dæmast þau 980 grömm af hassi, sem lagt var hald á, sbr. 5. gr., 5. mgr., laga um ávana- og fikniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar nr. 390/1974.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Sigrún Jóna Eyjólfsdóttir, fædd 3. september 1955, sæti fangelsi í 4 mánuði og greiði fésekt til ríkissjóðs, kr. 20.000.00. Refsivist til frádráttar komi 13 daga gæsluvarðhaldsvist, en í sektar stað komi 50 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 4.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Upptæk til eyðingar skulu 980 grömm af hassefni, er lagt var hald á við rannsókn málsins.